



Glefsa

Brot úr hagvísunum og skýrslum SSV – 2. tbl 2015

Staða fyrirtækja á Vesturlandi


Vífill Karlsson

Fyrirtæki á Vesturlandi virðast standa nokkuð vel samkvæmt könnun sem gerð var meðal fyrirtækja á Vesturlandi og greint var frá í síðustu Glefsu. Staðan er hlutfallslega best á Akranesi og í Hvalfirði þegar horft er til allra mælikvarða: EBITDA sem og hagnaðar bæði til skemmri og lengri tíma.


Þetta er viðsnúningur frá könnuninni í fyrra þar sem fyrirtæki í Dölnum komu áberandi best út. Í raun koma öll svæðin verr út í þessari könnun nema fyrirtækin á Akranesi og í Hvalfirði. Það verður trúlega rakið til þess að fyrirtæki í landbúnaði og útgerð smábáta voru ekki nógu mörg í fyrra. Við það, sem og vegna betri þátttöku almennt, virðist afkoman versna þar sem vigt þessara fyrirtækja er allnokkur eins og í Dölnum, Borgarfirði og á Snæfellsnesi. Betri afkoma á Akranesi og í Hvalfirði er sennilega vísbending um að afkoma fyrirtækja sé almennt að lagast um land allt þar sem atvinnugreina-skipting þátttakenda breyttist ekki mikið á því svæði. Almennt betri þátttaka kann að útskýra þetta líka eins og áður sagði.

Frekari tölfræðigreining á svörum við spurningunum leiddi í ljós að fiskvinnsla virðist koma best út hvort sem litið er til lengri eða skemmri tíma. En þá ber að hafa í huga að fiskvinnsla á Vesturlandi telst yfirleitt til blandaðrar útgerðar – þ.e. fyrirtæki sem byggja bæði á fiskvinnslu og bátaútgerð – og því mikill minnihluti fiskverkenda sem ekki rekur báta að auki.

Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári?



Hver var EBITDA á síðasta starfsári?



Hver hefur afkoma fyrirtækisins verið undanfarin ár?

